EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3461

Rekstraraðili Arnarlax ehf. kt: 5803100600	**Tegund starfsemi** Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera	**Starfsleyfisnúmer:** UST202009-273 **Gildistími starfsleyfis** 5. október 2040
Starfsstöð Gileyri	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 5. október 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0248	**Eftirlitsmaður** Auður Eyberg Helgadóttir	**Útgáfudagur skýrslu** 17. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Silja Baldvinsdóttir	Gæðastjóri
Albert Almer Cid	Stöðvarstjóri
Brage Lien	

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram þrjú ný frávik: 1) Árið 2025 voru engar myndir teknar við útrás. 2) Öryggisblöð eru ekki aðgengileg í efnageymslu. 3) Efnabambar eru ranglega merktir.

Eitt eldra frávik sem varðar sýnatökur, var opið síðan úr eftirliti árið 2025.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram hjá Arnarlaxi í Gileyri þann 5. október 2026.

Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum að Gileyri í Tálknafirði. Hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 1.000 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins var:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
   Eitt frávik kom fram í eftirliti árið 2025. Rekstraraðili tók einungis eina sýnatöku úr frárennsli. Árið 2025 tók rekstraraðili hámarks- og lágmarkssýnatöku og er frávikinu því lokað.

2. Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
   Ársyfirliti fyrir árið 2025 og umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var skilað inn 30. apríl 2026. Framleiðsla árið 2025 var 276 tonn af laxi. Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring á tveggja mánaða fresti og setja í ársyfirlitið. Engar myndir voru teknar árið 2025 og er það því frávik frá gr. 3.5 í starfsleyfi.

3. Eftirlitsmælingar og skráningar
   Hámarks og lágmarkssýnatökur voru teknar árið 2025. Einnig var framkvæmd botnsýnataka við frárennslið 21. maí 2025. Þá voru 193 tonn af fiski í stöðinni. Fosfórlosun árið 2026 reiknast 8,0 kg P/tonn af lífmassaaukningu og er innan heimilaðra marka starfsleyfis.

4. Áætlanir og viðbrögð
   Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, tímabundinnar og varanlegrar, er til staðar og áætlun vegna meðhöndlunar úrgangs. Einnig eru allar áætlanir nýlega uppfærðar. Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.

5. Umgengni og aðkoma lóðar
   Árekstrarvörn er við olíugeymi, lítið af fugl var við frárennslið. Tveir bambar merktir Peracetic acid 15% voru fyrir utan eldisstöðina. Bambarnir eru ranglega merktir því í þeim er geymd blanda af dauðfiski og maurasýru og er það frávik..

6. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
   Efni eru geymd á lekabyttu, notaður er QR kóði í stað efnablaða. QR kóðinn virkaði ekki þegar starfsmaður Arnarlax og Umhverfis- og orkustofnunar prufðu hann í eftirlitinu og er það því frávik frá kröfum í gr. 3.11 í starfsleyfi .

7. Olíuskiljur
   Engar olíuskiljur eru á staðnum.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 3.5 í starfsleyfi	Frávik skráð: 5. október 2026 Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið. *Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring á tveggja mánaða fresti. Engar myndir voru teknar árið 2025.*	Opið
gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávik skráð: 22. apríl 2025 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Taka skal sýni og greina efnainnihald vatns við inntak í stöðinni og útrás frárennslis tvisvar á ári. Aðeins var framkvæmd ein sýnataka úr frárennsli árið 2024. Rekstraraðili tók sýni úr frárennsli skv. starfsleyfi árið 2025 og er frávikinu því lokað.*	Lokað
gr. 3.11 í starfsleyfi	Frávik skráð: 5. október 2026 Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. *QR kóði í efnageymslu var ekki virkur. Rekstraraðili sendi tölvupóst með virkum kóða og öryggisblöðum 21. október 2026. Fráviki er því lokað.*	Lokað
gr. 3.11 í starfsleyfi	Frávik skráð: 5. október 2026 Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum samkvæmt þeim og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. *Bambar með blöndu af dauðfiski og maurasýru eru ranglega merktir.*	Opið

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.